

FRAMTÍÐ FÍ SOS

Skýrsla samráðshóps um endurskoðun

á hlutverki FÍ SOS



Samráðshópur um breytt hlutverk FÍ SOS

desember 2012

Ritstjóri: Arndís Bergsdóttir





Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem munu verða á stöðu og umhverfi FÍSOS með tilkomu nýrra safnalaga og þeirra áherslubreytinga sem þau fela í sér fyrir samráðsvettvang safna. Bent verður á að í nýjum safnalögum felist bæði tilkall og svigrúm til endurmótunar á starfsemi FÍSOS. Litið verður til starfsemi sambærilegra félaga á Norðurlöndunum og einnig þarfa íslensks safnasamfélags við þróun á tilgangi og markmiðum félagsins. Félag íslenskra safna og safnmanna staðsetur sig í „grasrótinni” og byggir á þátttöku safna og safnmanna í stað þess að eiga skjól í viðurkenndum stofnunum samfélagsins. Félagið gegnir því hlutverki gagnvart öllum söfnum í landinu og einnig gagnvart almenningi.



Efnisyfirlit

Samantekt á helstu niðurstöðum samráðshópsins -----	6
Verkefni samráðshópsins -----	8
1 FÍSOS-----	9
1.1 Uppruni FÍSOS-----	9
1.2 Félagar -----	9
1.3 Stjórn -----	9
1.4 Tekjur -----	10
1.5 Hlutverk og markmið -----	10
1.6 Starfsemi og rekstur-----	10
1.7 Ávinningur félagsfólks -----	11
2 Hliðstæð norræn samtök -----	11
2.1 Félagar -----	12
2.2 Fjármögnun félaganna -----	12
2.2.1 Félagsgjald-----	12
2.2.2 Ríkisstyrkir -----	12
2.3 Hlutverk og markmið -----	13
2.4 Leiðir að markmiðum-----	13
2.5 Ávinningur félagsfólks -----	14
2.6 Umræður og mat-----	14
3 Grundvöllur þróunar á hlutverki FÍSOS -----	14
3.1 Höfuðsöfnin -----	15
3.2 Safnaráð -----	15
3.3 Skipan safnaráðs -----	16
3.4 Samráð og samvinna – umræður og mat-----	16
4 FÍSOS - framtíðarsýn-----	17
4.1 Fyrir safnmenn og söfn -----	17
4.1.1 FÍS verður FÍSOS -----	17
4.1.2 Hugur forstöðumanna til skiptrar aðildar -----	18
4.2 Öflugur talsmaður – umræður og mat-----	19
4.3 Hlutverk og markmið FÍSOS -----	19



4.3.1 Megin hlutverk FÍSOS -----	19
4.3.2 Leiðir -----	20
4.3.3 Önnur markmið og leiðir -----	20
4.4 Flutningur á verkefnum safnaráðs -----	20
4.5 Viðhorf forstöðumanna-----	21
4.6 Hlutverk og markmið – umræður og mat-----	21
5 Ráðning framkvæmdastjóra FÍSOS -----	22
5.1 Fjármögnun -----	22
5.2 Styrkveitingar til sambærilegra íslenskra félaga -----	22
Heimildir og tilvísanir -----	24

Samantekt á helstu niðurstöðum samráðshópsins

Í *Félagi íslenskra safna og safnmanna, FÍSOS*, hefur undanfarnan áratugi verið unnið mikilvægt starf í þágu félagsmanna. Starfsemin hefur tekið mið af þörfum safna og safnmanna á hverjum tíma og því lagaumhverfi sem félagið starfar í. Undanfarin ár hefur íslenskt safnastarf og safnaumhverfi ekki farið varhluta af þeim öru breytingum sem hafa átt sér stað víðast hvar í heiminum. Þetta endurspeglar þau safnalög sem tóku gildi 1. janúar 2013 enda tilgangur þeirra að leitast við að skýra faglegan ramma safna og skilgreina betur ýmsa þætti starfsemi þeirra. Þar eru einnig að finna ýmis nýmæli, þar á meðal nýja tilhögun á samráðsvettvangi safna og samvinnu þeirra á milli.

Það er ekki markmið þessarar skýrslu að gera athugasemdir við þau safnalög sem tóku gildi um áramót heldur benda á að þau fela í sér breytingar sem valda því að mikilvægur þáttur í safnastarfi – samráðsvettvangur allra safna – er landlaus, að kalla mætti.

Samkvæmt nýjum safnalögum nr. 141/2011 sem tóku gildi um áramót mun hlutverk safnaráðs breytast úr því að vera samráðsvettvangur safna í að verða eftirlits- og framkvæmdaaðili stjórnvalda og starfa í umboði þeirra. Hvert höfuðsafn mun hafa með höndum samvinnu safna á sínu sviði en fá það hlutverk ásamt safnaráði, að finna samráðsvettvangi allra safna á Íslandi farveg. Á sama tíma og aukin miðstýring felur í sér tækifæri til að sameina krafta og ganga í takt felst þar einnig hættan á einsleitni og safnastarfi sem stýrt er að ofan. Ný safnalög gera ráð fyrir brotthvarfi forstöðumanna höfuðsafnanna þriggja úr safnaráði (þeir munu eftir sem áður sitja fundi þess stöðu sinnar vegna). Þess í stað mun ráðherra skipa tvo ráðherra fulltrúa án tilnefningar og þrjá fulltrúa sem tilnefndir eru af *Sambandi íslenska sveitarfélaga, Íslandsdeildar Alþjóðaráðs safna (ICOM)* og *FÍSOS*. Þessi breyting eykur til muna mikilvægi fulltrúa FÍSOS í ráðinu fyrir öll söfn og alla safnmenn. Það er því, að mati samráðshópsins, eðlilegt að litið sé til FÍSOS sem formlegs samráðsvettvangs safna, enda mun fulltrúi félagsins í safnaráði verða rödd grasrótarinnar og sá aðili innan ráðsins sem þar getur unnið að baráttumálum safna og safnafólks. Stjórnvöld virðast deila þeim sjónarmiðum, en núverandi safnaráð hefur ráðgert flutning á verkefnum til félagsins í kjölfar þeirra breytinga sem ný safnalög bera með sér.

Samráðshópurinn telur mikilvægt að áfram sé unnið að aukinni faglegri samvinnu milli safna í landinu og að þau eigi öflugan vettvang þar sem ræða megi fagleg mál. Ennfremur að þau eigi sér fulltrúa og málsvara í samræðum við hið opinbera og í umræðum í samfélaginu um söfn og safnatengd málefni. Það er mat samráðshópsins að FÍSOS hafi um árabil verið farvegur samráðs og samvinnu allra safna í landinu og að eðlilegast sé að félagið gegni áfram því hlutverki að að berjast fyrir málstað safna og safnafólks gagnvart hinu opinbera og að miðla upplýsingum til yfirvalda frá sjónarhóli safnanna í landinu.

En þessi þróun á hlutverki FÍSOS kallar einnig á þróun félagsins. Fyrir um ellefu árum var söfnum heimilaður aðgangur að félaginu með það fyrir augum að efla starfið. Fram að þessu hafa einstaklingar þó verið í miklum meirihluta félagsfólks þótt félagið vinni jafnt að málefnum safna og safnafólks. Fjölga þarf söfnum í félaginu svo í því sé breiður hópur safnafólks og safna sem ná yfir safnasviðið. Starfsemi FÍSOS er barn síns tíma og þarf að taka mið af breyttum aðstæðum. Það er mat samráðshópsins að taka þurfi með beinskeyttari hætti á málum sem varða tilgang félagsins og markmið og hefur hópurinn sett fram tillögur þess efnis í þessari skýrslu.

Ekki er þó nóg að hafa háleit markmið um hlutverk og tilgang. Það þarf að raungera leiðir félagsins að markmiðum og þá stefnu sem samráðsvettvangur FÍSOS getur af sér.



Sjálfbóðaliðastarf setur starfsemi félagsins þröngar skorður. Því er mikilvægt að félagið ráði til sín starfsmann.

Ljóst er að starfsmaður FÍSOS eða rekstur skrifstofu verður ekki fjármagnaður með félagsgjöldum og þarf því utan að komandi fjármagn. Ekki er óeðlilegt að slíkt fjármagn sé í formi styrkja frá hinu opinbera líkt og algengt er meðal systurfélaga FÍSOS á Norðurlöndunum. Þær styrkveitingar eru með ýmsu móti en tryggt er, m.a. með reglu um hæfilega fjarlægð (*arms length principle*), að samtökin njóti sjálfstæðis og að starf þeirra hafi eftir sem áður hagsmuni safnanna í landinu að leiðarljósi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á að fjárveitingar úr sjóðum á vegum ráðuneytisins séu samkvæmt reglu um hæfilega fjarlægð eins og fram kemur í skýrslu ráðuneytisins frá árinu 2010.¹ Þessi aðferð er notuð víða á Norðurlöndunum þar sem ríkið styrkir starfsemi samtaka á borð við FÍSOS. Auk þess að vinna ásamt hinu opinbera eftir reglu um hæfilega fjarlægð þarf félagið að setja fram skýrar leiðbeiningar um hlutverk og samskipti hins opinbera annarsvegar og FÍSOS hinsvegar, svo koma megi í veg fyrir hagsmunaaðrekstra og að ekki fari á milli mála að FÍSOS starfi í þágu félags

¹ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2010).

Verkefni samráðshópsins

Á aðalfundi FÍSOS, félagi íslenskra safna og safnmanna, þann 7. október 2011 var lögð fram tillaga þess efnis að skipaður yrði samráðshópur sem hefði með höndum tvíþætt verkefni:

- Að endurskoða hlutverk FÍSOS með hliðsjón af nýjum safnalögum sem tóku gildi þann 1. janúar 2013.
- Að skoða leiðir til að félagið geti ráðið framkvæmdastjóra til að sinna verkefnum FÍSOS í þágu safnanna í landinu.

Samráðshópurinn átti að skila af sér fullmótuðum tillögum til stjórnar FÍSOS eigi síðar en 1. febrúar 2012.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tillaga lögð fram og samþykkt á aðalfundi FÍSOS 7. október 2011:

Lagt er til við aðalfund FÍSOS sem haldinn er þann 7. október 2011 í Skagafirði að stjórn FÍSOS verði falið að skipa þriggja manna samráðshóp sem hafi það hlutverk að endurskoða hlutverk FÍSOS með hliðsjón af nýjum safnalögum sem taka gildi 1. janúar 2013. Ennfremur að skoðaðar verði leiðir til að félagið geti ráðið framkvæmdastjóra til að sinna verkefnum FÍSOS í þágu safnanna í landinu. Hópurinn skili af sér fullmótuðum tillögum til stjórnar FÍSOS eigi síðar en 1. febrúar 2012.

Samráðshópurinn var skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar FÍSOS þann 17. október 2011:

Arndís Bergsdóttir, safnafræðingur og varamaður í stjórn FÍSOS.

Bergsveinn Þórsson, safnafræðingur og stjórnarmaður í FÍSOS.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, safnafræðingur og forstöðumaður Lækningaminjasafns Íslands.

Guðný Dóra Gestsdóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins.

Ritstjóri skýrslunnar er Arndís Bergsdóttir.

Á aðalfundi FÍSOS í október 2011 var ennfremur lögð fram og samþykkt lagabreyting sem heimilar FÍSOS að ráða framkvæmdastjóra til félagsins. Félagið hefur verið rekið sem fagfélag frá 1981 og hafa verkefni þess verið unnin í sjálfböðavinnu af fólki sem jafnan er í fullu starfi annarsstaðar. Fundurinn taldi löngu tímabært að FÍSOS hefði framkvæmdastjóra til að framkvæma þau fjölmörgu verkefni sem félaginu eru falin hverju sinni. Þau verkefni sem bætast við með breyttu hlutverki FÍSOS geri aukið tilkall til þess að ráðinn verði launaður framkvæmdastjóri og að félagið reki skrifstofu.

Samráðshópurinn lagði fram þá tillögu til stjórnar FÍSOS að fyrst yrði leitað eftir leiðum til að ráða framkvæmdastjóra til félagsins og fjármagna rekstur skrifstofu. Hugmyndin var að ef fé fengist til þess yrði það verkefni framkvæmdastjóra að vinna að endurskoðun á hlutverki félagsins með það fyrir augum að gefa út skýrslu um málið fyrir lok ársins 2012. Því var sótt um styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytis í desember 2011. Ekki fékkst sú upphæð sem sótt var um en ráðuneytið veitti félaginu áttahundruðþúsund króna styrk. Á stjórnarfundum FÍSOS þann 22. maí 2012 var samþykkt að hluti styrksins yrði notaður til gerðar þessarar skýrslu.

Starfshópur um breytingar á FÍSOS hefur lagt áherslu á það í vinnu sinni að efni skýrslunnar endurspegli álit og vilja þeirra sem eigi aðild að félaginu; annarsvegar safna og hinsvegar safnmanna. Til þess hefur hópurinn opnað nokkrar gáttir:

- Drög skýrslunnar voru kynnt á farskóla þann 20. september 2012 þar sem félagsfólki gafst kostur á að spyrja spurninga, ræða efni skýrslunnar og koma með athugasemdir.
- Hvatt var til umræðna á póstlista safnmanna og haldið sérstaklega utan um þær umræður sem sköpuðust þar.
- Öllum forstöðumönnum safna var sent bréf þar sem þeir voru hvattir til að kynna sér efni skýrslunnar og skila álitum á nokkrum veigamiklum atriðum.
- Rætt var við forstöðumenn höfuðsafna.

Samráðshópurinn fékk einnig álit Arnbjargar Sigurðardóttur lögmanns [eða héraðsdómslögmanns], á hvernig bæri að túlka ný safnalög.

Skýrslan er unnin í umboði stjórnar FÍSOS og fór vinnan fram árið 2012.

1 FÍSOS

1.1 Uppruni FÍSOS

Félag íslenskra safna og safnmanna, FÍSOS, var stofnað árið 1981 í þeim tilgangi að stuðla að samstarfi safna og safnafólks. Ennfremur til að auka fagmennsku í safnastarfi með því að efla endurmenntun safnafólks og gera hana aðgengilega víðs vegar um landið.²

1.2 Félagar

Félagar í FÍSOS eru alls 275. Þar af eru tíu söfn og 218 einstaklingar sem flestir eru starfsfólk safna en einnig áhugafólk um safnamál. Tólf eru heiðursfélagar og þrjátíu og fimm eru nemendur í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun.

Fjöldi félaga FÍSOS og samsetning þeirra gefur til kynna styrk félagsins sem samnefnara þeirra aðila sem tilheyra íslensku safnaumhverfi. Samkvæmt lögum félagsins³ eiga þær stofnanir sem falla undir skilgreiningar um safn, samkvæmt íslenskum safnalögum, kost á því að gerast félagar. Það eiga einnig einstaklingar sem vinna fagleg störf við lista-, minja- og náttúrufræðisöfn og þeir sem hafa lokið námi sem nýtist í starfi slíkra safna.

1.3 Stjórn

Fimm manns sitja í stjórn FÍSOS og er hver fulltrúi kosinn til tveggja ára í senn. Kosið er í stjórnina á hverju ári; formaður, meðstjórnandi og annar varamanna annað árið og

² www.safnmenn.is.

³ 2gr laga félags safna og safnmanna 2011.

varaformaður, gjaldkeri, ritari og varamaður hitt árið. Hefð hefur skapast fyrir því að stjórn FÍSOS skipi fulltrúar bæði af höfuðborgarasvæðinu og landsbyggðinni.

1.4 Tekjur

Tekjur FÍSOS byggja einvörðungu á félagsgjöldum⁴ og eru notaðar til að greiða rekstrarkostnað félagsins og þátttöku í ýmsum verkefnum.⁵ Fjöldi þeirra sem greiðir til félagsins er 228, 218 einstaklingar og 10 söfn. Heiðursfélagar eru undanþegnir félagsgjöldum og einnig eru námsmenn í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun undanþegnir félagsgjöldum fyrstu tvö árin í námi.

Lítill munur er á þeirri upphæð sem einstaklingar greiða til félagsins annarsvegar og söfn hinsvegar. Samkvæmt ársreikningi 2011 greiðir almennt félagsfólk kr. 3.000 á ári til félagsins og flest söfnin kr. 5.000. Þjóðminjasafnið greiðir hæstu félagsgjöldin kr. 20.000,-

1.5 Hlutverk og markmið

Samkvæmt skráningu í fyrirtækjaskrá er FÍSOS skilgreint sem fagfélag.⁶ Í því felst að starfsemi félagsins miðar fyrst og fremst að því að:

- Miðla þekkingu um sérsvið félagsins.
- Ákvarða reglur um hvað teljist eðlilegir starfshættir.
- Vera málsvari gagnvart hinu opinbera og almenningi.
- Annast kynningarstarf.

Samkvæmt 3. gr laga FÍSOS er hlutverk og markmið félagsins að:

- Efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis.
- Leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna, t.d. þannig að félagsmenn með tilskylda menntun hafi forgangsrétt til starfa á söfnum.
- Sjá til þess að Farskóli safnmanna sé haldinn árlega. Markmið Farskólans er að starfsmenn safna fái starfsfræðslu og endurmenntun. Farskólinn er opin fólki utan félagsins.
- Gefa út fréttabréf.⁷

Í lögum félagsins kemur einnig fram að þeim markmiðum sem þar eru tilgreind megi ná með útgáfustarfsemi, fundum, fyrirlestrum námskeiðum og ferðalögum.

1.6 Starfsemi og rekstur

FÍSOS er málsvari safna og safnafólks og starfar í umboði þeirra. Félagið hefur gætt hagsmuna félagsmanna sinna bæði með beinni íhlutun og einnig með því að styrkja og styðja við söfn og safnafólk í landinu:

- FÍSOS á í samræmi við safnalög⁸ fulltrúa í safnaráði og er það viðurkenning hins opinbera á mikilvægi félagsins í íslensku safnaumhverfi.

⁴ Ársreikningur FÍSOS 2011.

⁵ Sjá ársskýrslu 2011 í viðauka.

⁶ Skv. lýsingu ISAT atvinnugreinaflokkunar 94.12.0 starfsemi félaga.

⁷ 3gr laga félags safna og safnmanna 2011.

⁸ Seta fulltrúa FÍSOS í safnaráði er bæði tilgreind í safnalögum 106/2001 og 141/2011.

- Félagið hefur, með aðild sinni að safnaráði og eftir öðrum leiðum, sinnt upplýsingagjöf til yfirvalda frá sjónarhóli félagsmanna sinna.
- Eitt megin verkefni FÍSOS hefur snúið að því að efla þekkingu safnafólks innan safnageirans og stuðla að faglegri umræðu um safnamál. Liður í því er endurmenntun safnafólks en félagið skipar á hverju ári stjórn farskóla safnmanna og hefur reglulega staðið fyrir endurmenntunarnámsskeiðum í samvinnu við námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands og endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.
- Félagið hefur staðið fyrir og átt þátt í málþingum um málefni safna og þess umhverfis sem þau starfa í.
- Liður í þróun faglegrar umræðu um málefni safna og safnaumhverfisins er samstarf við sambærileg félög utan landssteinanna. FÍSOS hefur því lagt áherslu á þátttöku félagsins í samstarfi við félög safna og safnafólks á Norðurlöndunum. Sótti fulltrúi félagsins t.a.m. fyrsta samráðsfund norrænu safnasamtakanna haustið 2012, þar sem m.a. var rætt um möguleika þess að koma á fót samnorrænum samstarfsverkefnum.
- Félagið er vettvangur þar sem félagsfólk á greiða leið að faglegum skoðanaskiptum, samhjálp og stuðningi hvert við annað. Má þar nefna póstlista safnmanna sem félagið starfrækir og heldur utan um. Á póstlistanum getur safnafólk víðs vegar um landið borið saman bækur sínar, leitað álits og viðhaldið innbyrðis tengslum.
- FÍSOS hefur staðið að íslensku safnaverðlaununum ásamt ICOM og komið að kynningarverkefnum fyrir söfnin í landinu. Ennfremur gefur félagið út skírteini til félaga sinna sem veitir þeim réttindi á borð við safnaheimsóknir án endurgjalds og starfrækir heimasíðu.

Hér að ofan er nefndur megin þorri þeirra verkefna sem félagið innir af hendi fyrir félagsfólk sitt, bæði beint og óbeint. Fjöldi annarra verkefna kemur til úrlausnar á hverju ári og ekki eru talin þau störf sem tengjast rekstri félagsins og daglegri umsýslu.

Félagið er rekið sem samtök sjálfboðaliða. Það rekur ekki skrifstofu og til þessa dags hefur félagið ekki haft starfsmann á launum til að annast daglegan rekstur og framkvæmd og framgang mála sem unnin eru í umboði stjórnar FÍSOS. Verkefni félagsins hafa verið unnin í sjálfboðavinnu af þeim sem eiga sæti í stjórn þess hverju sinni.

1.7 Ávinningur félagsfólks

Ávinningur félaga FÍSOS felst fyrst og fremst í því að félagið styður við safnastarf út frá faglegum sjónarmiðum safna og safnafólks. Það starfar í grasrótinni í nánum tengslum við þarfir félagsmanna og er þannig í stakk búíð til að miðla upplýsingum og fjalla um málefni safna og safnafólks á faglegum grunni og án þess að þar rekist á hagsmunir yfirvalda. Ennfremur felast hagsmunir félaga í FÍSOS í starfsemi félagsins; að vera vettvangur þekkingamiðlunar, upplýsingagjafar, samtakamáttar og samstarfs sem á uppsprettu í safnastarfinu sjálfu.

2. Hliðstæð norræn samtök

Til að skoða breyttan tilgang FÍSOS og hvornig farsælast sé að félagið þrói markmið sín og starfsemi er litið til viðlíka samtaka á Norðurlöndunum. Ekki er um tæmandi úttekt á starfi þeirra samtaka að ræða en tæpt á þeim málum sem varðað geta FÍSOS í umræddu ferli.

Þau félög sem voru skoðuð eru *ODM – Organizationen Danske Museer, Suomen Museoliitto, Norges Museumsforbund og Riksförbundet Sveriges Museer*. Gögnum var safnað af heimasíðum félaganna en einnig með samtölum við forstöðumenn þeirra.

2.1 Félagar:

Félagar í ODM (Organisationen danske museer) eru öll söfn sem eru viðurkennd af ríkinu (d. *statsanerkendte*). Samtals eru söfnin 178 talsins auk varðveislumiðstöðva. Einstaklingar eru ekki félagar í ODM. Aðild safnanna er tvenns konar: full aðild og aukaaðild (d. *associerede medlemmer*). Fulla aðild fá söfn, eins og þau eru skilgreind samkvæmt dönskum safnalögum en aukaaðild býðst þeim stofnunum sem reknar eru á faglegum grunni og starfa á sviði sem tengjast söfnum (t.a.m. það sem hér á landi er skilgreint sem setur eða sýning). Starfsemi þeirra má ekki brjóta í bága við siðareglur ICOM. Þær stofnanir sem eiga aukaaðild að ODM hafa ekki atkvæðisrétt innan samtakanna.

Aðilar að Suomen Museoliitto eru 195 samtök sem öll eiga söfn eða hafa söfn á sínum snærum.

Söfn í Noreggi sem falla undir skilgreiningar ICOM á safni geta átt aðild að Norges Museumsforbund, ennfremur fulltrúar í stjórnnum safna og starfsfólk safna, auk þeirra sem starfs síns vegna fara á einhvern hátt með málefni sem varða söfn. Þar eru undanskildir þeir sem kaupa og selja muni, s.s. listaverk, þeir aðilar fá ekki aðgang að samtökunum. Tengdir félagar eru þær stofnanir og þau samtök sem fara með málefni og hluti sem varða söfn, t.a.m. þau sem starfa á sviði menningarverndar, náttúruverndar, rannsókna og miðlunar innan sama geira. Aðeins stofnanir hafa kosningarétt innan Norges Museumsforbund.

Meðlimir í Riksförbundet Sveriges Museer eru þær stofnanir sem reka söfn. Félagið gefur lögaðilum, sem ekki falla undir fyrrgreinda skilgreiningu en sem styðja fyrirætlanir samtakanna, s.s. sýningasalir og söfn í uppbyggingu kost á að eiga aðild að samtökunum sem „tengdir félagar“. Einstaklingar geta hvorki átt aðild að samtökunum né aðilar sem eiga í beinum viðskiptatengslum við féлага samtakanna. Aðeins þær stofnanir sem reka söfn eru fullgildir meðlimir og hafa rödd innan samtakanna. Er þá ætlast til að sá aðili innan safnanna sem sér um tengsl við samtökin sé safnstjóri/stýra eða aðili í nánú samstarfi við stjórnandann. „Tengdir félagar“ hafa ekki rödd innan samtakanna.

2.2 Fjármögnun félaganna

2.2.1 Félagsgjald

Félagsgjald í ODM fer eftir stærð stofnunarinnar og er miðað við rekstrarkostnað. Stærsti meðlimurinn greiðir 50.000,- danskar krónur á ári eða um 1,1 milljón íslenskra króna.⁹

Suomen Museoliitto innheimtir um 150.000 evra í félagsgjöld ár hvert eða um 25 milljónir íslenskra króna.¹⁰

Mestur hluti tekna Norges Museumsforbund kemur í gegn um félagsgjöld eða um 2,3 milljónir norskra króna á ári; um 51,8 milljónir íslenskra króna.¹¹

2.2.2 Ríkisstyrkir

ODM fær styrk frá ríkinu, 2 milljónir danskra króna um 44,5 milljónir íslenskra króna,¹² sem er stuðningur við endurmenntunaráætlun sem félagið rekur. Áætlunin er miðuð að

⁹ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹⁰ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹¹ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹² Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

safnafólki og sérhæfð og sérsniðin með þarfir safnanna í huga. Nú ríkir nokkur óvissa um innkomu dönsku safnasamtakanna þar sem hugmyndir eru uppi um að bjóða þá þjónustu út.

Finnska menningamálaráðuneytið fjármagnar Suomen Museoliitto og veitir um 1,4 milljónir evra eða 232,5 milljónir íslenskra króna¹³ til félagsins árlega. Innan ráðuneytisins eru afar fáir embættismenn með málefni safna á sinni könnu og því þarf ráðuneytið á samtökunum að halda. Finnsku safnasamtökin eru því ráðgefandi fyrir ráðuneytið og aðstoða með því að koma að málefnum safna. Samtökin eru engu að síður sá aðili sem, fyrir hönd félagsmanna sinna, gagnrýnir hið opinbera. Norska menningarráðið styrkir Norges Museumsforbund um 1.3 milljónir norskra króna eða ríflega 30 milljónir íslenskra króna¹⁴ ár hvert og Riksförbundet Sveriges Museer fær á hverju ári ríkisstyrk að upphæð 1 milljón sænskra króna, um 19 milljónir íslenskra króna.¹⁵ Við styrkveitinguna til Sveriges Museer er farið eftir reglu hæfilegrar fjarlægðar og hefur ríkið sem minnst afskipti af samtökunum þótt þau séu styrkt af því.

2.3 Hlutverk og markmið

Markmið ODM¹⁶ skýra ágætlega þau markmið og hlutverk sem önnur norræn félög safna og safnafólks hafa. Öll vinna þau að því að aðstoða söfn við að ná framgangi. ODM lítur á það sem hlutverk sitt að styðja hagsmuni danskra safna með starfi sínu á innlendum og erlendum vettvangi. Ennfremur að styðja við þróun safna sem virkra faglegra stofnana í samfélaginu, hafa áhrif á pólitískar umræður, styðja hagsmuni safna í tengslum við hið opinbera og að vera samráðsvettvangur allra tegunda faglegs safnastarfs. Auk þess leggur ODM sig fram um að miðla málefnum safna innan dansks safnasamfélags og stuðla að fagmennsku innan safnaheimsins með því að bjóða starfsfólki safna, og þeim sem tengjast stofnunum, möguleika á endur- eða framhaldsmenntun. Starf Suomen Museoliitto miðast að því að vera samfélag finnskra safna og starfa í þeirra þágu „með djörfung og fróðleiksfýsn að leiðarljósi“ eins og segir í formlegum gildum samtakanna.¹⁷ Hlutverk Norges Museumsforbund¹⁸ er m.a. að koma að gerð frumvarpa sem varða málaflokk safna, vera þekkingasetur og styðja söfnin með þekkingu og ráðgjöf. Riksförbundet Sveriges Museer¹⁹ eru fyrst og fremst hagsmunasamtök safna og til þess fallin að sameina krafta þeirra.

2.4 Leiðir að markmiðum

Suomen Musoliitto notar eftirfarandi leiðir til að ná markmiðum sínum:

- Gefa út tímarit, fréttabréf og sjá um póstlista. Allir hafa aðgang að safnpóstlistanum og ennfremur bloggar formaður samtakanna aðra hverja viku.
- Hafa frumkvæði að finnskum safnadegi og safnaviku skólanna
- Hafa frumkvæði að námsdögum sem ætlaðir eru safnafólki.
- Standa fyrir þróunarverkefnum af ýmsum toga
- Auka möguleika safna á að setja efni á netið ofl. ofl.

¹³ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹⁴ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹⁵ Miðað við gengi Seðlabankans 19.12.12.

¹⁶ <http://www.dkmuseer.dk>.

¹⁷ <http://www.museoliitto.fi>.

¹⁸ <http://museumsforbundet.no>.

¹⁹ [www://sverigemuseer.se](http://www.sverigemuseer.se)



2.5 Ávinningur félagsfólks

Sá ávinningur sem félagar í ODM hafa að aðild að samtökunum er fyrst og fremst þau áhrif sem samtökin beita þegar kemur að pólitískri þróun safnamála. Einnig býður félagið fram ýmsa möguleika við endurmenntun safnafólks auk þess að vera sá vettvangur þar sem söfnin geta myndað net sín á milli.

2.6 Umræður og mat

Þótt aðferðirnar séu mismunandi sem og sá grunnur sem samtökin byggja á í heimalandi sínu, þá eiga þau það öll sameiginlegt að vera fyrst og fremst samráðsvettvangur safna og að vinna að málefnum þeirra. Frekar er litið til ICOM þegar kemur að samráði safnafólks. Fræðsla og endurmenntun safnafólks er innan vébanda samtakanna enda talin mikilvægur þáttur í safnastarfi og þau leggja einnig áherslu á að auka vitund almennings á málefnum safna og má, í því samhengi, benda á útgáfu hollensku safnasamtakanna – „More Than Worth It”²⁰. Starf þeirra fer þó fyrst og fremst á pólitískum vettvangi. Hagsmunagæsla er stærstur hluti þess starfs sem innt er af hendi innan samtakanna allra. Hluti þess er að koma á og viðhalda tengslum við söfnin og hið opinbera.

Öll samtökin njóta verulegs stuðnings frá hinu opinbera en auk þess eru félagsgjöld stofnana mun hærri en þekkist hér. Ennfremur hafa þau a.m.k. einn starfsmann á sínum snærum og er gagnlegt fyrir FÍSOS að horfa til skrifstofu og reksturs Riksförbundet Sveriges Museer. Skrifstofa samtakanna samanstendur af einum starfsmanni (sem rekur skrifstofuna heima hjá sér). Starfsemin byggir á því að útvista verkefnum til fyrirtækja eða til nets sem samanstendur af félagsfólki. Þau þróunarverkefni sem eru unnin eru m.a. keyrð áfram af þessu neti. Grunnurinn að því er öflug heimasíða samtakanna www.sverigesmuseer.com og spjallsíða henni tengd www.sverigesmuseer.ning.com.

Ofangreint bendir til þess að grundvöllur góðra verka á vettvangi safna byggir á því að félög safna og safnafólks vinni að hinum ýmsu hagnýtu málum sem varða söfnin en hugi fyrst og fremst að því að standa vörð um hagsmuni þeirra gagnvart hinu opinbera. Samráðshópurinn leggur til að sú áhersla verði einnig höfð að leiðarljósi við þróun á hlutverkum og markmiðum FÍSOS.

Ennfremur sjá söfnin sér hag í að tilheyra samtökunum og greiða til þeirra mun herra framlag en hér þekkist. Þau njóta einnig stuðnings hins opinbera sem viðurkennir þar með mikilvægi starfseminnar og er fjárveitingin í samræmi við reglu hæfilegrar fjarlægðar.

3. Grundvöllur þróunar á hlutverki FÍSOS

Þann 1. janúar 2013 tóku gildi ný safnalög. Þau byggja að miklu leyti á fyrri safnalögum en leitast við að skýra faglegan ramma laganna og skilgreina ýmsa þætti betur. Þar eru einnig að finna nýmæli þar á meðal nýja tilhögun á samráðsvettvangi safna og samvinnu þeirra á milli.

Mikilvægi þess að söfn hafi samstarf sín á milli og vettvang þar sem slíkt samstarf getur átt sér stað og blómstrað, endurspeglast í safnalögum nr. 106/2001. Þar var bæði höfuðsöfnum og safnaráði lagðar skyldur á herðar. Ný safnalög gera ráð fyrir að safnaráð starfi við hlið hins

²⁰ Sjá Nederlands Museum Association. (2011).

opinbera og að höfuðsöfnin muni hvert um sig hafa með höndum samvinnu safna á sínu sviði. Að öðru leyti er ekki rætt um samstarf eða samráð safna. Það er ekki síst þessi breyting á umhverfi safna sem hefur orðið FÍSOS hvatning til að endurmeta hlutverk sitt.

3.1 Höfuðsöfnin

Í fimmtu grein safnalaga nr. 106/2001 var kveðið á um hlutverk höfuðsafna gagnvart öðrum söfnum landsins. Þar sagði að þau séu miðstöð safnastarfsemi hvert á sínu verkswiði. Þau skuli vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu hvert á sínu sviði.

Í áttundu grein safnalaga nr. 141/2011 er kveðið á um ráðgjafarhlutverk höfuðsafna líkt og fyrri lög gera og að þau skuli stuðla að samvinnu safna. Þar segir enn fremur:

Höfuðsöfn skulu hafa forustu í málefnum safna á sínu sviði, stuðla að eflingu og samræmi í safnastarfi og leiða faglegt samstarf safna og annarra aðila. Höfuðsöfn skulu leitast við að efla og auka þekkingu og færni starfsfólks safna.

3.2 Safnaráð

Í lögum frá 2001 var skýrt kveðið á um að safnaráð skyldi gegna hlutverki samráðsvettvangs safna.²¹ Þar sagði einnig að menntamálaráðherra skipi í ráðið sem einnig hafi, samkvæmt þessum lögum, eftirlit með þeim söfnum sem hljóta ríkisstyrki og sjái um úthlutanir úr safnasjóði.

Á heimasíðu safnaráðs²² segir að ráðið sé fjölskipað stjórnvald og stjórnswylunefnd, enda tilgreint í lögum að það skuli bæði hafa umsjón með úthlutun ríkisstyrkja, eftirlit með þeim söfnum sem hljóta styrki og vera sameiginlegur vettvangur safna. Í reyndinni hafa söfn notið stuðnings safnaráðs í þeim málefnum sem þau varða. Þá hefur safnaráð lagt áherslu á samráðshlutverk sitt og hefur sú þróun m.a. leitt til aukinnar samvinnu meðal safna á Íslandi. Safnaráð hefur einnig veitt setrum og safnvísnum upplýsingar um hvað þarf til þess að slík starfsemi uppfylli safnalög.

Það má því segja að safnaráð hafi setið báðum megin borðsins, sem sá aðili sem söfn leita til um málefni safna m.a. gagnvart yfirvaldinu (hinu opinbera) en einnig verið yfirvaldið í þeim skilningi að safnaráð er skipað og fjármagnað af hinu opinbera. Þetta tvíþætta hlutverk safnaráðs er því einfaldað í nýjum safnalögum, sem tóku gildi um áramót. Þar er gert ráð fyrir að hlutverk þess einskorðist við ráðgjöf fyrir ráðherra og ráðneyti mennta- og menningarmála auk þess sem ráðið mun vinna að þeim verkefnum á sviði safnamála sem ráðherra ákvarðar. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að samráðsvettvangur safna flytjist til höfuðsafna sem gert er að sinna því hlutverki á sínu fagsviði hverju.

Ráðið hefur engu að síður hlutverk sem felst í því að vinna, í samvinnu við höfuðsöfnin, að stefnumörkun um safnastarf ásamt, m.a., forstöðumönnum höfuðsafna. Gera má ráð fyrir að sú stefnumörkun muni einnig taka á samræmi í safnastarfi og faglegu samstarf safna.²³

3.3 Skipan safnaráðs

Samkvæmt safnalögum frá 2001 hafa höfuðsöfnin þrjú, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands átt hvert sinn lögbundna fulltrúa í safnaráði, auk

²¹ Safn er skilgreint í fjórðu og fimmtu grein safnalaga nr. 106/2001.

²² <http://www.safnarad.is/um-safnarad/>

²³ Skv. lögfræðialiti Arnbjargar Sigurðardóttur, hdl.

varamanna. Auk þeirra hafa FÍSOS og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnt einn fulltrúa hvert, auk varamanna.

Í samræmi við þær breytingar sem verða á hlutverki safnaráðs skv. nýjum safnalögum verða breytingar á skipan ráðsins. Höfuðsöfnin munu ekki lengur eiga lögbundna fulltrúa í ráðinu en sitja, skv. lögum, fundi þess stöðu sinnar vegna. Samband íslenskra sveitarfélaga, FÍSOS og ICOM (Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna) munu skipa sinn fulltrúann hvert, auk varamanna, en ICOM hefur ekki áður átt fulltrúa í safnaráði. Að auki eru það nýmæli í skipan ráðsins að ráðherra tilnefni tvo fulltrúa og skal annar þeirra vera formaður þess.

Samkvæmt lögum er hlutverk FÍSOS að tilnefna einn fulltrúa í safnaráð auk varamanns en ekki er fjallað frekar um hlutverk félagsins. Vegna brotthvarfs forstöðumanna höfuðsafna úr safnaráði og þar með fækkun fulltrúa þeirra sem vinna á söfnum í ráðinu er skipun FÍSOS á manni í ráðið enn mikilvægari fyrir söfn og safnafólk en þegar lögín frá 2001 höfðu gildi.²⁴

3.4 Samráð og samvinna - umræður og mat

Mikill árangur hefur náðst síðustu ár við að auka og efla samvinnu allra safna í landinu. Sú samvinna sem safnaráð hefur unnið að hefur mjög eftl mjög söfnin, aukið skilvirkni þeirra, aukið möguleika á samstarfi og skapað aðgang að þekkingu, faglegri umræðu, ráðgjöf og kynningu á sameiginlegum grundvelli.

Safnaráð verður, eftir gildistöku nýrra safnalaga, hluti stjórnkerfisins en ekki bæði stjórnkerfis og umbjóðenda (safna). Það eru hinsvegar höfuðsöfnin sem munu hafa samvinnu safna með höndum og verða þannig sá samráðsvettvangur sem safnaráð var áður. Samráðsvettvangur safna verður ekki lögbundinn (eins og hann var í lögnum frá 2001) heldur er fest í lög að safnaráð skuli taka þátt í vinnu við stefnumörkun um safnastarf (sem gera má ráð fyrir að feli í sér samráð safna) og eigi þannig þátt í að finna samráðsvettvangi safna farveg.

Í athugasemdum við frumvarpið er samráð og samvinna sett undir einn hatt og tilgreint að hvort tveggja sé eðlilegur hluti safnastarfs og skuli því vera undir forystu höfuðsafna. Þar má benda á að eðlismunur er á samráði annarsvegar og samvinnu hinsvegar. Annað bendir til sameiginlegra ráðagerða eða að vinna fari fram eftir að tekið hefur verið tilliti til sjónarmiða utanaðkomandi en hitt til samhjálp. Eðlilegt verður að teljast að höfuðsöfn stuðli að og styðji við samvinnu milli safna. Megin áhersla þeirrar samvinnu hlýtur þó að vera samhjálp á því sviði sem hvert höfuðsafn hefur umsjón með, enda ætlað samkvæmt lögum að vera ráðgefandi fyrir söfn á sínu sviði og leiðandi í faglegu starfi.

Samhliða því að löggjafarvaldið tekur sérstaklega fram í athugasemdum um frumvarp til nýrra safnalaga að samráð (og samstarf) sé eðlilegur hluti safnastarfs, þá skortir þann vettvang þar sem söfn geta sameinast og ráðið ráðum sínum. Vettvang sameiginlegra hagsmuna allra safna á Íslandi sem kemur þeim hagsmunum áleiðis til stjórnkerfisins og almennings.

Söfn eru ekki aðeins stofnanir sem varðveita gripi, rannsaka þá og stilla fram heldur eru þau sá staður þar sem fortíð, nútíð og framtíð mætast. Þau gegna veigamiklu hlutverki þegar kemur að samvinnu við það samfélag sem þau spretta úr og þjónustu við almenning²⁵ og eru talin bæta umhverfi fólks og lífsskilyrði.²⁶ Einnig má benda á að hnattvæðingin hefur leitt til

²⁴ Skv. lögfræðilíti Arnbjargar Sigurðardóttur, hdl.

²⁵ Sjá t.d. Weil, Stephen. (2007); Croke, Elizabeth. (2007).

²⁶ Netherlands Museums Association. (2011).

breytinga á nærumhverfi safna sem kalla á viðbrögð í innra starfi þeirra. Í því sambandi má nefna sterkari tengsl milli safna og ferðamennsku auk þess sem aðferðir við miðlun eru bæði flóknari og kostnaðarsamari en áður.²⁷ Samráð og samvinna ólíkra safna verður því sífellt mikilvægari, ekki síst þar sem finna má mörg lítil söfn sem ekki hafa sömu bjargir og hin stærri.²⁸

Í samráði felst því sameiginleg stefnumörkun þar sem heildræn sýn á safnamál og söfnin í landinu eru í forgrunni, óháð sérsviði hvers og eins og aðgerðir sem miða að því að framkvæma það sem samráð er haft um. Það á við um fræðslu til almennings og vitundarvakningu um söfn og safnamál, en ekki síður upplýsingagjöf til stjórnvalda og aðhald og stuðning í málefnum safna. Seta fulltrúa FÍSOS í safnaráði er því mikilvægur liður í því að koma á framfæri til stjórnvalda skýrri sýn safna og safnmanna um málefni safna, bæði við þá vinnu sem fyrir höndum er við stefnumörkun um safnastarf en einnig almennt í málefnum safna, t.a.m. forgangsöröðun styrkveitinga úr safnaráði, lagasetningar, túlkun laga o.fl. Þetta er vandasamt hlutverk og samfélagslega mikilvægt. Það er mat samstarfshópsins að því verði ekki sinnt sem skyldi á grundvelli núverandi skipulags FÍSOS sem byggir á sjálfböðavinnu.

Eðlilegt hlýtur að vera að samráð allra safna fari fram innan Félags íslenskra safna og safnmanna. Ný safnalög gera ráð fyrir að samráð og samvinna sé ekki á vegum hins opinbera enda hluti safnastarfs og eykur það mikilvægi fulltrúa FÍSOS í safnaráði, enda tengiliður safna og safnmanna við hið opinbera. Það er því mikilvægt að FÍSOS styrki það hlutverk sem félagið gegnir þegar gagnvart félagsfólki sínu og leggi áherslu á það hlutverk að vera málsvari þeirra gagnvart hinu opinbera.

4 FÍSOS – framtíðarsýn

4.1 Fyrir safnmenn og söfn

Eins og nafn félagsins ber með sér vinnur FÍSOS bæði að málefnum safna og safnmanna. Að mörgu leyti fara hagsmunir þessara tveggja aðila; lögaðila annarsvegar og einstaklinga hinsvegar saman. Þær áherslubreytingar sem lagt er til að verði á félaginu í ljósi þeirra aðstæðna sem ný safnalög skapa hafa þó vakið upp spurningar um áherslur félagsins gagnvart félagsfólki (þ.m.t. söfnum). Langflest safnafólk er í félaginu en afar fá söfn en nauðsynlegt þykir að fjölga söfnum innan félagsins sér í lagi þar sem fyrir liggur að FÍSOS beiti sér ákveðið í málefnum þeirra.

4.1.1 FÍS verður FÍSOS

Lögum Félags íslenskra safnmanna (FÍS) var breytt á aðalfundi félagsins 12. september 2001 á þann hátt að söfnum var veittur möguleiki á aðild að félaginu. Um var að ræða grundvallarbreytingu á félaginu sem eftir samþykkt nýrra laga félagsins hét Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS). Breyting á lögum félagsins var gerð í kjölfar innleiðingar nýrra safnalaga þar sem í fyrsta sinn var fjallað um öll söfn óháð viðfangsefnum og þar sem félagið gegnum fulltrúa í safnaráði fékk vægi sem talsmaður safna. Einnig ýtti á þessa breytingu þróun safnmannafélaga á Norðurlöndum sem flest voru félög safna. Í Svíþjóð var félagsaðildin lagskipt, bæði einstaklingsaðild og stofnanaaðild, á sama hátt og ICOM.

Eftirfarandi rök lágu til grundvallar breytingu á lögum FÍS:

Í fyrsta lagi getur félagið skírskotað til lagaramma sem er hliðstæður markmiðum FÍS og fjallar um málefni minjasafna, listasafna og

²⁷ Van den Bosch, Annette. (2007).

²⁸ Sjá m.a. The Museums of New Zealand. (2005).

náttúrugripasafna, en megin þorri félagsmanna FÍS starfar á slíkum söfnum. Safnalögin eru því hvatning til stjórnar FÍS um að kalla eftir aðild allra þeirra sem starfa á þeim söfnum sem lögin ná til. Í öðru lagi fær FÍS aukið hlutverk með tilkomu laganna, en félagið skal tilnefna einn nefndarmanna í svokallað safnaráð. Afar mikilvægt er að félagið geti tekið frumkvæðið og þannig tryggt að hagsmunir okkar verði vel skýrðir. Er það skoðun stjórnar að fulltrúi félagsins í safnaráði skuli vera formaður félagsins. Með slíkri tilhögun eykst vægi embættisins og tryggt er að sjónarmið stjórnar FÍS, sem starfar í umboði félagsmanna, heyrir í safnaráði. Einnig er lagt til að fjölgað verði í stjórn félagsins, sem eykur faglega ábyrgð. Í þriðja lagi er ljóst að þróun safnamála hér á landi er hliðstæð þeirri sem er erlendis. Þróun safnmannafélaga erlendis hefur tekið mið af auknu vægi safna í menningar- og viðskiptalífi. Félögin hafa því mörg hver veitt stofnunum aðild að sínum samtökum. Með slíkri ráðstöfun er grunnur lagður að öflugum félagi sem hefur breiðan hóp safnmanna og safna á bakvið sig og er því öflugur talsmaður safnasviðsins. Af þessum sökum leggur stjórnin til breytingar á lögum Félags íslenskra safnmanna sem gerir stofnunum á safnasviði kleift að sækja um aðild. Að lokum er lagt til að nafni félagsins verði breytt, og er það í samræmi við alþjóðlega þróun, en safnmannafélög hafa fylgt sér undir merkjum samheitisins safn.²⁹

4.1.2 Hugur forstöðumanna til skiptrar aðildar

Tillögur þessarar skýrslu miða að því að félagið beiti sér af krafti í þeim málefnum sem varða söfn, auk þess sem gert er ráð fyrir að fjölmörg verkefni safnaráðs færir á hendur FÍSOS, en þau eru unnin í þágu safna. Því hafa þær hugmyndir kviknað hvort skipta eigi félagsaðild að FÍSOS á þann hátt að söfn hafi meira vægi í ákvarðanatöku innan félagsins og myndu þá greiða hærra félagsgjald. Slík hækkun myndi koma til móts við kostnað við rekstur skrifstofu og starfsmanns fyrir félagið, en slíkt er forsenda þess að hægt sé að vinna að málefnum safna jafn markvisst og tillögur skýrslunnar gera ráð fyrir. Rétt þótti að kanna hug félagsmanna FÍSOS til þess.

Drög þessarar skýrslu voru kynnt á Farskóla safnmanna á Akureyri í lok september 2012. Þann níunda október 2012 voru send út bréf til forstöðumanna allra safna á Íslandi.³⁰ Bréfið var sent út á 58 netföng. Alls bárust svör frá tíu söfnum.

Tilgangur bréfsins³¹ var að opna gátt og gefa forstöðumönnum allra safna á Íslandi kost á að gera grein fyrir afstöðu sinni varðandi efni skýrslunnar, þar á meðal:

- Á FÍSOS að bjóða skipta félagsaðild þar sem söfn hafa, á einhvern hátt, meira vægi sem félagar og þegar kemur að ákvarðanatöku innan félagsins?
- Í ljósi ofangreinds, væru söfnin í landinu tilbúin til að greiða mun hærra félagsgjald en verið hefur, þá mögulega tengt stærð þeirra?
- Hafa ber í huga að sé FÍSOS fyrst og fremst félag einstaklinga, eins og nú er, þá reynist erfitt að taka afstöðu og vinna í málum sem varða söfnin í landinu.

²⁹ Fréttabréf Félags íslenskra safnmanna. Ágúst 2001. Boðun aðalfundar og grein gerð fyrir lagabreytingum. <http://safnmenn.is/felagid/frettabref/agust-2001-2> Sótt 11. okt 2012.

³⁰ Netfangalisti forstöðumanna allra safna á Íslandi var fenginn frá Safnaráði.

³¹ Bréfið má sjá í fylgiskjölum þessarar skýrslu.

Í svörum forstöðumanna safna kom fram að ekki væri ástæða til að skipta aðild að FÍSOS, söfn á Íslandi væru mörg hver það lítil og safnmenn það nátengdir sínum söfnum að bæði erfitt og ástæðulaust væri að skilja þar á milli. Þar má greina mögulega ástæðu þess að ekki eru fleiri söfn í félaginu, þ.e. óljós skil á milli safnamanns og safns.

4.2 Öflugur talsmaður – umræður og mat

Samráðshópurinn leggur til að félagsaðild verði ekki skipt, enda virðast forstöðumenn safna ekki sjá sérstakan hag í því. Þó er ljóst að FÍSOS verður að beita markvissu átaki til að fjölga söfnum í félaginu. Er þá vísað til upphaflegrar ástæðu þess að söfnum var veittur aðgangur að félaginu en með þeirri ráðstöfun var lagður grunnur að öflugu félagi sem hefur breiðan hóp safnmanna og safna á bakvið sig og er þar með orðið öflugur talsmaður safnasviðsins.

Þótt hagsmunir safna og safnmanna fari stundum saman og forstöðumenn séu nátengdir sínum söfnum, eins og komið hefur fram í máli þeirra, þá er ljóst að FÍSOS mun að einhverju leyti vinna að málefnum félaga af tvennum toga; lögaðila (safna) annarsvegar og einstaklinga (safnastarfsmanna) hinsvegar. Því þarf að gera ráð fyrir hagsmunaárekstrum og framgangi mála þvert á hagsmuni annars aðilans. Því er mikilvægt að stjórn FÍSOS skoði þau mál vandlega; setji til dæmis fram vinnureglur, siðareglur eða geri á annan og skýran hátt ráðstafanir sem öllu félagsfólki verði kunnar.

Rætt hefur verið um að söfn greiði hærri félagsgjöld en safnafólk í FÍSOS. Um það voru skoðanir nokkuð skiptar meðal forstöðumanna safna. Mörgum fannst að söfn ættu að greiða hærri félagsgjöld en vöruðu við of mikilli hækkun þar sem að fjárhagur flestra safna væri mjög naumur. Fremur ætti að leita til stjórnvalda um stuðning. Það er því rétt að FÍSOS hækki félagsgjöld til safna og skoði hve mikil hækkun sé þolanleg, samhliða átaki um fjölgun þeirra í félaginu.

4.3 Hlutverk og markmið FÍSOS

Eins og komið hefur fram er eðlilegt, í ljósi breyttra aðstæðna, að FÍSOS endurmeti hlutverk sitt gagnvart félagsfólki, almenningsi og hinu opinbera. Við það endurmat skal litið til þess starfs sem farið hefur fram innan FÍSOS undanfarin ár, þeirra aðstæðna sem skapast hafa í ljósi nýrra safnalaga og þess starfs sem hliðstæð samtök erlendis inna af hendi. Því leggur starfshópurinn til að hlutverk og markmið FÍSOS verði með eftirfarandi hætti:

4.3.1 Megin hlutverk FÍSOS

- Félagið er samstarfs- og samráðsvettvangur safna. Meginmarkmið þess er að efla samstöðu safnmanna og styðja íslenskt safnasamfélag og hagsmuni þess.
- Félagið er samnefnari allra safna á Íslandi. Öll söfn, starfsmenn safna og þeir sem á einn eða annan hátt starfa faglega að málefnum safna eiga kost á aðild að FÍSOS óháð sviði, menntun og staðsetningu.
- Félagið hefur áhrif á pólitískar umræður og umræður innan stjórnsýslunnar hvað varðar söfn og safnasamfélagið.
 - Fulltrúi félagsins situr í safnaráði og hefur hann samráð við félagsmenn/stjórn félagsins um störf ráðsins.
 - Félagið nær fram skýrri sýn safna og safnmanna á safnastarf í landinu og koma henni áfram til stjórnvalda.
 - Félagið berst fyrir hagsmunum safna gagnvart opinberum yfirvöldum.
- Félagið stendur fyrir faglegri umræðu um safnamál.
 - Styður og hvetur til rannsókna á sviði safnamála í landinu og þar með þróun safna.

- Styður þróun safna með upplýsingagjöf og þátttöku í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum.
- Stuðlar að eflingu safna og sýnileika.
- Eykur vitund almennings gagnvart söfnum og safnastarfi.
- Félagið styður menntun og endurmenntun safnafólks.
 - Styður þróun safna með endurmenntun
- Félagið eitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna.

4.3.2 Leiðir

- Efna til hnitmiðaðra samræðna milli safnafólks um málefni safna á veraldarvefnum, málþingum eða öðrum sambærilegum vettvangi.
- Berjast fyrir málefnum safna með þeim aðferðum sem eru viðeigandi hverju sinni, t.a.m. gagnkvæmri upplýsingamiðlun og virkri hagsmunagæslu.
- Eiga samskipti við fjölmiðla til að koma málefnum safna á framfæri.
- Miðla til félagsmanna upplýsingum sem lúta að faglegu starfi safna, t.d. um styrki, ráðstefnur, námskeið, málþing, fyrirlestra og safnaumhverfið.
- Eiga í samvinnu við þá sem stunda fræðilega skoðun á söfnum og safnastarfi. Til að mynda Rannsóknarsetri í safnafræðum og námsbraut í safnafræðum.
- Standa að eða taka þátt í undirbúningi viðburða sem efla faglega þekkingu félagsmanna t.d. farskóla safnmanna.
- Veita félagsmönnum ráðgjöf um málefni safna og safnastarfs, þ.m.t. umsóknir um styrki í innlenda og erlenda sjóði.
- Annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis.

4.3.3 Önnur markmið og leiðir

- FÍSOS mun efla þjónustu við almenning sem m.a. felst í:
 - Standa fyrir kynningu á söfnum og safnastarfi, þ.m.t. íslenska safnadeginum.
 - Sjá um og viðhalda heimasíðunni www.safn.is auk annarrar útgáfu.
 - Að standa að markvissum kynningum um gildi safna og safnastarfs til að auka skilning almennings á hlutverki safna og stöðu þeirra í samfélaginu.
 - Að efla tengsl safns og samfélags.
 - Að veita upplýsingar um hvert skuli leita í ýmsum málum sem varða söfn og safnatengda þjónustu.
- FÍSOS stofnar þegar til og viðheldur tengslum við aðila á erlendri grundu. Þá samvinnu þarf að efla enn frekar og sér félagið aukna áherslu á þennan lið í starfsemi þess:
 - Þátttöku í norrænu samstarfi og norrænum samstarfsverkefnum.
 - Umsjón með evrópskum safnaverðlaunum.
 - Alþjóðlegt samstarf samtaka safna og safnafólks (t.a.m. þátttöku í NEMO).
 - Önnur verkefni á alþjóðlegum vettvangi sem FÍSOS telur til hagsbóta fyrir félaga sína.

4.4 Flutningur á verkefnum safnaráðs

Eftir lagabreytingu mun safnaráð fara þess á leit við félagið að það taki að sér hluta þeirra verkefna sem ráðið hefur sinnt til þessa:

- Umsjón með samræmdri safngestakönnun íslenskra safna frá 2010

- Umsjón vefsíðunnar www.sofn.is (og www.söfn.is og www.museums.is). - Safnaráð lætur FÍSOS í té lénin www.sofn.is og www.museum.is ásamt vefnum safnastarf.is. Verkefnið er enn í vinnslu en framhald málsins og samstarf við Gudrun publishing og Íslandsstofu verður í höndum FÍSOS.
- Áskrift að fjölmiðlavöktun safnamála.
- Árleg kynning íslenska safnadagsins..
- Sameiginleg kynningarmál safna (s.s. eins og safnabókin).
- Fulltrúi í námsnefnd safnafræði við Háskóla Íslands. – Þessi liður verður skoðaður betur í samráði við nýtt safnaráð og þær verklagsreglur sem það setur sér.
- Umsjón með íslensku safnaverðlaununum – Mögulega verður um samstarf fleiri aðila að ræða.
- Tilnefning íslenskra safna í samkeppni um European Museum of the Year Award.
- Tengiliður safna í European Museum Forum.

Ekki er enn séð fyrir endann á flutningi allra verkefna safnaráðs en nokkur þeirra eru háð þeirri stefnumótun sem ný safnalög gera ráð fyrir. Mótun heildarstefnu safna um afmörkuð svið safnastarfs og önnur stefnumótun er lögbundið hlutverk safnaráðs og höfuðsafna og hefur jafnan verið unnin í samráði við söfn, safnafólk og hagsmunaaðila. Önnur verkefni verða áfram á vegum safnaráðs, t.d. ráðgjöf og upplýsingamiðlun til innlendra og erlendra aðila um málefni á sviði safnastarfs, útgáfa leiðbeininga um grunnstarfsemi safna og erlent samstarf. Höfuðsöfnin munu taka við umsjón safnaverðlaunanna og sjá um vorfund safnmanna líkt og verið hefur.

4.5 Viðhorf forstöðumanna

Í þeim tölvupósti sem sendur var til forstöðumanna safna var hugur þeirra til eftirfarandi atriða einnig kannaður:

- Hlutverka og markmiða FÍSOS.
- Ennfremur þess ávinnings sem söfn hefðu af aðild að FÍSOS.

Þeir sem svöruðu voru á einu máli um – og lögðu á það mikla áherslu - að efla þyrfti félagið sem málsvara safna og safnmanna gagnvart hinu opinbera; að félagið taki skýra afstöðu og berjist fyrir málefnum safna. Margir lögðu áherslu á að samráð safna sem leiddi af sér skýra stefnu félagsins í málefnum þeirra væri megin ávinningur félagsmanna og ætti að hafa mun meira vægi en t.a.m. kynningarmál.

4.6 Hlutverk og markmið - umræður og mat

FÍSOS starfar að málefnum safna og safnafólks í umboði þeirra. Vinna félagsins fer fram í grasrótinni, á vettvangi safna og safnafólks. Eftir gildistöku nýrra safnalaga verður félagið eini sameiginlegi vettvangur allra safna í landinu. Félagið hefur frá stofnun, eða í ríflega þrjátíu ár, unnið ötullega að samvinnu milli safna, staðið fyrir endurmenntun félagsfólks og faglegri umræðu um málefni safna.

Skipan fulltrúa FÍSOS í safnaráð er staðfesting ráðuneytisins á mikilvægi félagsins sem fulltrúi safna og safnafólks. Endurnýja ný safnalög þá staðfestingu og festa í sessi. Eins og fram hefur komið hefur félagið þróað grundvöll samvinnu safna í landinu og hefur á ýmsa vegu átt þátt í faglegri umræðu um safnamál. Innan félagsins er því víðtæk og verðmæt vitneskja um það í hverju safnavinna er fólgin, hvaða hugsjónir liggja þar að baki og hvar hagsmunir safna liggja. Í ljósi þeirrar breyttu stöðu í málefnum safna sem vísað hefur verið í í þessari skýrslu, verður hlutverk FÍSOS og tilgangur þróaður til að koma til móts við þá þörf sem mun skapast.

5 Ráðning framkvæmdastjóra FÍSOS

Líkt og fram kemur í umfjöllun um FÍSOS fyrr í skýrslunni þá sinnir félagið fjölda verkefna sem lúta að samvinnu safna. Ljóst er að mikilvægi FÍSOS hefur aukist verulega eftir að ný safnalög tóku gildi. Gert er ráð fyrir að FÍSOS efli það starf sem þegar er unnið auk þess að vera samráðsvettvangur allra safna í landinu en í því felast skyldur gagnvart hinu opinbera og almenningi auk þeirra verkefna sem mælst er til að FÍSOS taki við af safnaráði. Nær tilgangslaust er að hafa samráðsvettvang ef ekki er hægt að raungera það sem samráð er haft um og fylgja þeim áætlunum sem samræmast hlutverki félagsins og markmiðum. Starf FÍSOS hefur fram að þessu verið unnið með sjálfböðavinnu stjórnarfólks og hefur hún verið meiri en svo að þar sé möguleiki á svigrúmi til frekari framfara félagsins. Það er því mikilvægt að ná félaginu upp úr hjólfari sjálfböðavinnu og ráða starfsmann til þess að sinna þeim störfum sem gert er ráð fyrir að félagið hafi með höndum í ljósi nýrra safnalaga og til þess að auka samfellu í starfinu og yfirsýn.

Ef litið er til sambærilegra félaga á Norðurlöndunum þá hafa þau öll í það minnsta einn starfsmann til að sinna verkefnum þeirra. Þar sem aðeins er einn starfsmaður, t.a.m. í Svíþjóð, er þeim verkefnum sem krefjast mikillar vinnu útvistað til fyrirtækja eða félaga samtakanna. Slíkt fyrirkomulag mætti sjá fyrir sér hér, þ.e. að FÍSOS ræki litla skrifstofu með einum starfsmanni en útvistaði eftir atvikum stærri og/eða sérhæfðari verkefnum til félagsfólks eða sérfræðinga.

5.1 Fjármögnun

Til að fjármagna rekstur framkvæmdastjóra og skrifstofu þarf félagið að auka tekjur sínar. Tekjugrunnur félagsins er núna aðeins einn; félagsgjöld safna og safnafólks. Skoða þarf hvaða leiðir eru færar í tekjuaukningu sem renna mun til eflingar félagsins og gera það í stakk búið til að sinna þeim verkefnum sem framundan eru. Í því sambandi hafa nokkrar verið nefndar:

- Hækkun félagsgjalda safna.
- Fjölgun safna í félaginu.
- Styrkir vegna einstakra verkefna, t.d. endurmenntunar safnafólks, samfélagsverkefna og þróunarverkefna.
- Styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti byggður á grundvelli hlutverks FÍSOS sem ráðuneytið viðurkennir og hefur staðfest í nýjum safnalögum.

Ávinningur safna að aðild að FÍSOS hefur ekki verið eins ljós og ávinningur einstaklinga. Þeirra ávinningur hefur að miklu leyti orðið til í gegn um einstaklingsaðild félagsins; þá aðila sem vinna á söfnum. Markmið FÍSOS er að fjölga þeim söfnum sem aðild eiga að félaginu og var það haft í huga við þróun hlutverka og markmiða FÍSOS.

Efla þarf félagið til að gera því mögulegt að takast á við þau verkefni sem það þegar hefur með höndum og einnig þau sem bætast munu við vegna þeirra breytinga sem verða á samvinnuvettvangi safna í kjölfar nýrra laga.

5.2 Styrkveitingar til sambærilegra íslenskra félaga

Ýmis dæmi eru um að íslensk félög njóti styrkja Mennta- og Menningarmálaráðuneytis (MMR) sem gagnlegt er að líta til. Tekin eru dæmi um þrjú félög sem fengu úthlutaða styrki frá MMR fyrir árið 2012. Úthlutunin var í samræmi við breytt fyrirkomulag þar sem úthlutun styrkja til félaga og samtaka var færð af hendi fjárlaganefndar Alþingis til ráðuneyta. Rekstrarstyrkir voru veittir til fjölmargra sambærilegra íslenskra félaga og má meðal annars nefna: Bandalag Íslenskra listamanna, Heimilisiðnaðarfélag Íslands, Sjálfstæðu leikhúsin, Leiklistarsamband

Íslands, Rithöfundasamband Íslands og Samband íslenskra Myndlistarmanna.³² Hér verður nánar fjallað um þrjú síðastnefndu félögin.

Rithöfundasamband Íslands er stéttarfélag rithöfunda. Í lögum Rithöfundasambands Íslands segir um tilgang félagsins: “Tilgangur Rithöfundasambands Íslands er að efla samtök íslenskra rithöfunda, gæta hagsmuna þeirra og réttar í samræmi við alþjóðavenjur, verja frelsi og heiður bókmenntanna og standa gegn hvers kyns ofsóknum á hendur rithöfundum og hindrunum í starfi þeirra. Rithöfundasamband Íslands tekur ekki þátt í baráttu stjórnmalaflokka né hlutast til um listastefnur, stjórnmalaskoðanir eða trúarbrögð.”³³

Félagið fékk styrk frá MMR fyrir árið 2012 að upphæð 4.000.000. Styrkurinn var fyrir rekstur, erlend samskipti, höfundamiðstöð og skáld í skólum. Tvö síðarnefndu atriðin snerta verkefni sem félagið leysir af hendi í þáttu almennings. Auk styrksins er félagið fjármagnað með greiðslum félagsmanna og greiðslum úr sjóðum vegna höfundarréttar.

Stjórn Rithöfundasambandsins ræður sér framkvæmdarstjóra “sem stjórnar daglegum rekstri sambandsins” eins og kemur fram í 8. grein laga félagsins. Um framkvæmdarstjóra segir ennfremur að “hann er sambandsstjórn til aðstoðar við samningagerð, annast fjárreiður sambandsins, bókhald, bréfaskriftir og annað sem hér að lýtur.”³⁴ Leiklistarsamband Íslands er samkvæmt lögum sambandsins „ætlað að vera sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að leikhússmálum á Íslandi og örva samstarf og kynningu þeirra.”³⁵ Sambandið fékk rekstrar- og verkefnastyrk frá MMR fyrir árið 2012 upp á 2.400.000. Leiklistarsambandið á og rekur Grímuna – íslensku sviðslistaverðlaunin sem verður að teljast eitt af stærri verkefnum félagsins.

Samband Íslenskra Myndlistarmanna (SÍM) er hagsmuna og stéttarfélag starfandi myndlistarmanna. Félagið er málsvari félagsmanna gagnvart hinu opinbera samkvæmt heimasíðu SÍM. Í lögum félagsins segir um tilgang og markmið: „a) að efla samtök myndlistarmanna og vera málsvari allra myndlistarmanna og samningsaðili þeirra. b) að bæta kjör og starfsgrundvöll myndlistarmanna, gæta hagsmuna þeirra og réttar. c) Samband íslenskra myndlistarmanna hlutast ekki til um listastefnur, stjórnmalaskoðanir eða trúarbrögð.”³⁶

Samband Íslenskra Myndlistarmanna fékk rekstrarstyrk frá MMR fyrir árið 2012 að upphæð 4.500.000. Þar að auki fékk sambandið styrk að upphæð 500.000 vegna dags myndlistar 2012. Stjórn félagsins ræður til sín framkvæmdarstjóra og starfrækir félagið skrifstofu að Hafnarstræti 16 í Reykjavík. SÍM rekur einnig hátt í 200 vinnustofur og sér um rekstur Sjónlisamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum. SÍM er einnig fjármagnað með félagsgjöldum og leigutekjum af vinnustofum sem sambandið rekur.

³² Sjá nánar á heimasíðu Mennta- og Menningarmálaráðuneytis:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkygningar/nr/6701>

³³ Lög Rithöfundasambands Íslands. Fengið af: http://rsi.is/um_rsi/log_rsi/

³⁴ Sama

³⁵ Lög Leiklistarsambands Íslands. Fengið af:

http://www.griman.is/index.php?option=com_content&view=article&id=65%3Aleiklistarsambandslands&catid=11%3Aleiklistarsambandi&Itemid=158

³⁶ Lög Sambands Íslenskra Myndlistarmanna. Fengið af: <http://sim.is/sim/log/>

Heimildir og tilvísanir:

Félag íslenskra safna og safnmanna. (e.d.). Sótt af www.safnmenn.is.

Félag íslenskra safna og safnmanna. (e.d.). Ársskýrsla FÍSOS 2011. Sótt af www.safnmenn.is.

Félag íslenskra safna og safnmanna. (e.d.). Lög FÍSOS. Sótt af www.safnmenn.is.

Fréttabréf Félags íslenskra safnmanna. Ágúst 2001. Boðun aðalfundar og grein gerð fyrir lagabreytingum. <http://safnmenn.is/felagid/frettabref/agust-2001-2>. Sótt 11. okt 2012.

Fréttabréf Félags íslenskra safnmanna. Október 2001. Frásögn af aðalfundi. <http://safnmenn.is/felagid/frettabref/oktober-2001>. Sótt 12. okt 2012.

Hagstofan. (ed.). ISAT2008. Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi. Sótt af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=9794>

Lög Leiklistarsambands Íslands. Fengið af:

http://www.griman.is/index.php?option=com_content&view=article&id=65%3Aleiklistarsambands-lands&catid=11%3Aleiklistarsambandi&Itemid=158

Lög nr. 106/2001. Safnalög.

Lög nr. 141/2011. Safnalög.

Lög Rithöfundasambands Íslands. Fengið af: http://rsi.is/um_rsi/log_rsi/

Lög Sambands Íslenskra Myndlistarmanna. Fengið af: <http://sim.is/sim/log/>

Menntamálaráðuneytið. (2010). Menning: Listir, menningararfur, útvarp, málrækt, íþróttir, æskulýðsmál. Sótt af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=1F429507FE9876C90025777C00347D33&action=openDocument>

Museums Aotearoa Te Tari O Nga Whare Taonga O Te Motu, The Museums of New Zealand. (2005). *A Strategy for the Museum Sector in New Zealand*. Sótt af www.museums-aotearoa.org.nz/includes/download.aspx?id=19454

Netherlands Museums Association. (2011). *More than Worth it. The Social Significance of Museums*. Sótt af <http://www.museumvereniging.nl/LinkClick.aspx?fileticket=cAjXpj4iX-Q%3D&tabid=674>.

Norges Museumsforbund. (ed.). Sótt af www.museumsforbundet.no.

ODM. (ed.). Sótt af www.dkmuseer.dk.

Riksförbundet Sveriges Museer. (ed.). Sótt af www.sverigemuseer.se.

Samtal við Guðnýju Gerði Gunnarsdóttur 11. október 2012 sem skýrði vel hvernig samstarfi FÍS var háttað við systurfélög á Norðurlöndum á 9. áratugi 20. aldar og hvaða verkefni var unnið að. Einnig hvernig uppbyggingu félaganna var (og er) háttað og þá áherslu sem lögð var (og er) á með aðild safna og safnmanna gætu félögin orðið öflugir talsmenn safnasviðsins.



Safnaráð. (ed.). Sótt af www.safnarad.is.

Suomen Museolitto. (ed.). Sótt af www.museolitto.fi.

Van den Bosch, Annette. (2007). Museums: Constructing a Public Culture in the Global Age. Watson, Sheila (ritstj.). *Museums and their Communities*, (bls. 501-510). Oxon og New York: Routledge.

Weil, Stephen. (2007). The Museum and the Public. Watson, Sheila (ritstj.). *Museums and their Communities*, (bls. 32-47). Oxon og New York: Routledge.

Þingskjal 1152. (2010-2011). Frumvarp til safnalaga. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/139/s/1152.html>.